



Erindisbréf

Starfshópur um starfsaðstæður í leikskólum Reykjanesbæjar

Starfshópurinn starfar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs frá 1. febrúar 2019

Hlutverk:

Hópnunum er ætlað að rýna í leikskólastarfið í Reykjanesbæ og leggja fram tillögur sem miða að því að efla faglegt starf í leikskólunum og um leið betrumbæta starfsaðstæður starfsfólks. Að starfshópurinn finni leiðir til að sporna við álagsvöldum í leikskólum. Áhersluþættir sem hópurinn mun meðal annars skoða eru:

- Vinnuaðstaða starfsfólks (vinnutími, húsnæði, aðbúnaður)
- Leik- og heildarrými barnahópa
- Með hvaða hætti er hægt að stytta viðveru leikskólakennara með börnunum, en hún er með því lengsta innan OECD
- Annað sem hópurinn telur mikilvægt og tengist hlutverki hans

Starfshópurinn skipa:

Tveir fulltrúar fræðsluráðs

Fulltrúi stjórnenda í leikskólum Reykjanesbæjar

Fulltrúi leikskólakennara í leikskólum Reykjanesbæjar

Fulltrúi foreldra leikskólabarna

Leikskólafulltrúi á fræðslusviði

Sérkennsluráðgjafi í leikskólum Reykjanesbæjar

Verkefni leikskólafulltrúa:

Stýrir framgangi verkefnisins

Boðar fundi

Heldur utan um samskipti við hagsmunaaðila

Söfnun gagna og upplýsinga sem þörf er á

Tengsl við aðrar einingar innan stjórnarsýslu Reykjanesbæjar sem málið varðar

Verkefni sérkennsluráðgjafa:

Ritar fundi og sér um skráningu gagna

Starfshópurinn getur óskað eftir ráðgjöf og samstarfi innan og utan sveitarfélagsins eftir því sem við á og kallað til aðila sem hann óskar eftir og telur að styðji framkvæmd verkefnisins.

Starfshópurinn hefji störf 25. mars 2019 og skili lokaskýrslu með tillögum til fræðsluráðs eigi síðar en 18. október 2019.

Reykjanesbæ 1. mars 2019

Helgi Arnarson, sviðstjóri fræðslusviðs.

REYKJANESBÆR
- FRÆDSLUSTJÓRI -

